



Félagsleg virkni 2A05

Námsáætlun, vorönn 2020

Kennari: Hildur Margrét Einarsdóttir

Netfang: hildur@bhs.is

Lýsing: Fjallað er um þróun frístundastarfs og hugmyndafræði þess kynnt, þ.m.t. kenningar í félagssálfræði og hugmyndir um vöxt og þróun einstaklingsins. Komið er inn á helstu hugtök og þjónustuleiðir á sviði frístunda m.a. innan heilbrigðis- og skólakerfisins og sveitarfélaga. Í þessu sambandi eru kynntir helstu frístundamöguleikar og nemendur örvaðir til skapandi hugsunar á því sviði.

Fjallað er um notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og helstu aðferðir til að meta þörf þeirra og leiðir í frístundastarfi.

Áhersla er lögð á að nemendur læri að skipuleggja frístundastarf á sem fjölbreyttastan hátt með þarfir mismunandi einstaklinga að leiðarljósi. Þau læra jafnframt að skynja og virða þarfir ólíkra einstaklinga fyrir gefandi frístundastarf óháð heilsufari, hömlun, fötlun eða félagslegri stöðu. Fjallað er um tengsl frítímafræða við alþjóðlegt umhverfi og samstarf við aðrar þjóðir.

Einnig eru kynntar niðurstöður nokkurra nýlegra æskulýðsrannsóknna og fjallað um hagnýtingu þeirra við mótun starfs og stefnu á vettvangi frítímans. Áhersla er lögð á að nemendur læri að skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttu frístundastarfi.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Þekkingarviðmið

- mikilvægi og umfangi frístunda á mismunandi æviskeiðum og hvernig þær tengjast lífsstíl einstaklingsins
- hvar frístundastarf fer aðallega fram í samfélaginu og á vegum hverra
- áhrifum heilsubrests, fötlunar, hömlunar og félagslegrar stöðu á notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og möguleika þeirra til frístundastarfs
- iðju og hlutverki hennar
- forvarnarstarfi og hvaða hlutverki það gegnir
- tengslum frítímafræða við alþjóðlegt umhverfi og samstarf við aðrar þjóðir



- niðurstöðum á nýlegum æskulýðsrannsóknnum og hagnýtingu þeirra við mótun starfs og stefnu á vettvangi frítímans.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra mikilvægi frístunda í forvarnarstarfi
- fjalla um tilgang og helstu aðferðir til að meta frístundastarf
- taka þátt í umræðu um markmiðssetningu og eftirfylgni í frístundastarfi
- búa yfir þekkingu um mikilvægi fjölskyldu, vina og annarra aðila í nánasta umhverfi og notenda á virkni í frístundastarfi
- miðla vitneskju um iðju og hlutverk hennar
- tengja áhrif heilsuþreks, fötlunar, hömlunar og félagslegrar stöðu við notendur félags- og heilbrigðisþjónustu og möguleika þeirra til frístundastarfs
- fjalla um tengsl frítímafræða við alþjóðlegt umhverfi og samstarf við aðrar þjóðir
- búa yfir þekkingu um nokkrar nýlegar æskulýðsrannsóknir og fjalla um hagnýtingu þeirra við mótun starfs og stefnu á vettvangi frítímans
- vera virkur í að skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttu frístundastarfi

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skrá og afla upplýsinga hjá notanda og samstarfsfólki um frístundavirkni einstaklinga með ólíkar þarfir og geti jafnframt miðlað slíkri vitneskju
- að fjalla um tómstundir og virkni einstaklinga og að ræða um ýmsar leiðir í tómstunda- og félagsstarfi
- ræða mismunandi hlutverk iðju og að sjá hlutverk hennar í sem víðasta ljósi
- segja frá forvarnarstarfi og hvaða hlutverki það gegnir
- ræða hugmyndir um tengsl frítímafræða við alþjóðlegt umhverfi og samstarf við aðrar þjóðir
- skrá niðurstöður nokkurra nýlegra æskulýðsrannsókna og fjalla um hagnýtingu þeirra við mótun starfs og stefnu á vettvangi frítímans
- skipuleggja og standa fyrir fjölbreyttu frístundastarfi



Námsmat:

Leitast verður við að beita fjölbreyttum aðferðum við kennslu og námsmat. Unnið verður í stærri og smærri hópum að afmörkuðum verkefnum og nemendur kynna niðurstöður sínar fyrir félögum sínum reglulega. Nemendur verða prófaðir úr ýmsum þáttum námsefnisins. Farið verður í vettvangsheimsóknir í tengslum við áfangann.

Virgni og þátttaka í kennslustundum: 10 %

Málstofa: 10 %

Tómstundaverkefni: 20 %

Önnur verkefni: 30 %

Próf: 30 %

Námsgögn:

Ljósritað hefti. Vefsíður tengdar efninu.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Mikilvægt að mæta í kennslustundir.

Símanotkun í kennslustundum er ekki æskileg.



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
2	7.-10. janúar	Kynning á áfanga, umræður, námsefni. Leggðu rækt við sjálfa þig – Umræður og kynning Hvað er félagsleg virkni? Fyrirlestur Tengsl og þátttaka í samfélaginu	Verkefni 1
3	13.-17. janúar	Hvað eru viðhorf? Umræður – Skilaverkefni á Innu	Verkefni 2
4	20.-24. janúar	Félagsstarf og frístundir íslenskra unglunga – Skilaverkefni á Innu	Verkefni 3
5	27.-31. janúar	Íþróttanámskrá Íþróttabandalags Rvk. -Félags- og siðgæðisþroski, tilfinningaþroski, fagurþroski – Umræður og kynning Heimsókn frá ÍTR - Frístundastarf barna	Umræður
6	3.-7. febrúar	Iðja - Heimsókn frá iðjuþjálfara – Sjúkdómar og skerðing – Skilaverkefni á Innu.	Verkefni 4
7	10.-14. febrúar	Einmanaleiki eldri borgara í Reykjavík – Umræður	Varða 1 Skóhlífada gar
8	17.-21. febrúar	Meðvirkni – Umræður Heimsókn á Hjúkrunarheimili – Heimsókn í Félagstarf og fleira Vinna í málstofu	Umræður
9	24.-28. febrúar	Fjölmennning á Íslandi – Umræður og skilaverkefni á Innu	Verkefni 5
10	3. - 6. mars	Heimsókn í Hugarafli – Borgartúni – Fræðsla um starfsemina Skil og flutningur á málstofu	Málstofa Vorannarhl é
11	9.-13. mars	Heimsókn í Félagsmiðstöð í Grafarvogi – Skilaverkefni um heimsókn á Innu	Verkefni 6
12	16.-20. mars	Sjálfsímynd og sjálfstraust – Umræður og kynning	Umræður
13	23.-27. mars	Vinna í Tómsundaverkefni – Verkefnalýsing á Innu	Varða 2
14	30.mar .-3. apríl	Próf 30 % Heimsókn í Ljósið – Endurhæfing fyrir krabbameinsgreinda –	Próf
15	6.-10. apríl	Páskaleyfi	Páskaleyfi
16	15.-17. apríl	Páskaleyfi – Föstudagur eftir páska: Vinna í Tómsundaverkefni	Páskaleyfi
17	20.-24. apríl	Félagssálfræði - Fyrirlestur Skil á Tómsundaverkefni 20 % á Innu Kynning á Tómsundaverkefni	Sumardagu rinn fyrsti
18	27.-30. apríl	Vettvangsferð í Múlabæ – Frístundastarf aldraðra	Heimsókn
19	4.-8. maí	Kynning á Frístundafræði í Háskóla Íslands	Kynning
20	11.-13. maí	Samantekt á áfanga á moodle- Einkunnagjöf	Einkunnagj öf

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.



Borgarholtsskóli